

194

2. gr.

28. nóv.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 10. sept. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

195

REGLUGERÐ

28. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, orðist svo:

Hámarksálagning á eldspýtur og vindlingapappír í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar á hverjum tíma, má eigi vera hærri en 25%.

Fyrir flutningskostnað til útsölastaðar utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 10 af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

196

AUGLÝSING

2. des.

um breytingu á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

Með tilvísun til tilskipunar nr. 85 7. september 1942, um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, auglýsist hér með eftirfarandi breyting á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum (sbr. Lögbirtingablað 27. tbl. 1935):

Aftan við bókstafslíð A, f-tölulíðs I bætist:

g. **Tablettæ sulfanilamidi** skal gera þannig:

1) Sulfanilamidum pulv.	gram. 30,00
Amyl. Solani	— 11,10
2) Gelatina alba	— 0,60
Aq. dest. (ca. grm. 10)	— q.s.
3) Agar-Agar plv.	— 0,30

Talcum grm. 3,00 **196**
 Súlfanilamíðinu er blandað vel saman við kartöflumélið. Vökvað
 með gelatínvatninu. Þurrkað og síðan blandað með agar og
 talkúmi. 2. des.

100 tölur \times 0,30 (0,45) grm. 45,00

b. Tablettae sulfapyridini skal gera þannig:

1) Sulfapyridinum grm. 50,00
 Amyl. Solani — 7,70
 2) Gelatina alba — 1,30
 Aq. dest. (ca. grm. 15) — q.s.
 3) Agar-Agar plv. — 0,50
 Talcum — 5,50

Súlfapýridíninu er blandað vel saman við kartöflumélið. Vökvað
 með gelatínvatninu. Þurrkað, hrisst, sáldað og síðan blandað
 agar og talkúmi.

100 tölur \times 0,50 (0,65) grm. 65,00

Aftan við bókstafslið C, a-töluliðs I bætist:

13. Tablettae sulfanitamidi:

2 tölur 3svar á dag við graftarigerðum samfara hitasótt.

14. Tablettae sulfapyridini:

Við lungnabólgu: 4 tölur tveggis með 4 stunda millibili, síðan 2 tölur á 4
 stunda fresti, allt að 25 tölum alls.

Við lekanda: 2 tölur 3svar á dag, allt að 25 tölum alls.

Landlæknirinn, Reykjavík, 2. desember 1942.

Vilm. Jónsson.

SAMPYKKT

Sparisjóðs Vestmannaeyja.

197

3. des.

I. KAFLI

Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Vestmannaeyja. Heimili hans og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Stofnendur sparisjóðsins eru undirritaðir 30 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir lög þessi til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en eitt þúsund krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 500 krónur af ábyrgðarupphæð sinni, sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af fé því á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20, búsettir í Vestmannaeyjum. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar